

## BÞ og KB\_athugasemd

Til : Vesturbyggð <Vesturbyggd@vesturbyggd.is>  
Frá : Bergdís Þrastardóttir <bergdisth@gmail.com>  
Heiti : BÞ og KB\_athugasemd  
Málsnúmer : 2401013  
Málsaðili : Oddur Þór Rúnarsson  
Skráð dags : 15.02.2024 00:00:00  
Höfundur : Bergdís Þrastardóttir <bergdisth@gmail.com>

----- Forwarded message -----

Frá: **Bergdís Þrastardóttir** <[bergdisth@gmail.com](mailto:bergdisth@gmail.com)>

Date: mið., 14. feb. 2024, 23:16

Subject: Urðargata 21 a og b

To: <[vesturbyggd@vesturbyggd.is](mailto:vesturbyggd@vesturbyggd.is)>

Berist til þeirra er málið varða

Hérmeð athugasemd vegna grenndarkynningar á fyrirhuguðu húsi á lóð Urðargötu 21 a og b. Athugasemdina senda eigendur að Urðargötu 23, Bergdís Þrastardóttir og Kris Bay.

Staðsetning, hæð og stærð fyrirhugaðs húss að Urðargötu 21 a og b mun skerða útsýni okkar yfir bæinn til norðurs og austurs til muna. Stórir gluggar eru í stofunni og útsýni yfir allan bæinn og inn í fjörð. Þetta útsýni er einstakt, eins og var séstaklega tekið fram í söluyfirliti þegar við kaupum Urðargötu 23, og er þetta einstaka útsýni ein af ástæðum þess að við veljum að kaupa þá eign. Gangi grenndarkynnt áform um byggingu á húsi á lóð Urðargötu 21 a og b í gegn, mun því ein af sérstöðum okkar eignar hverfa, má af því ætla að virði eignarinnar muni rýrna og ekki minnst, mun ein af kaupforsendum okkar breyta. Hægt væri að gera ýmsar breytingar á staðsetningu fyrirhugaðs húss við Urðargötu 21 a og b sem gerði það að verkum að það hefði minni áhrif á okkar eign, t.d. staðsetja það lengra niður á lóðinni (fyrir framan vatnstankinn), eða neðar í götunni, nær húsi nr. 19 svo það liggi ekki eins hátt í landslaginu og skerði því útsýnið minna. Ef húsið á að liggja svona hátt í landslaginu, myndi það strax hafa minni áhrif ef það lægi ekki svona langt út á lóðina og væri ekki áætlað svona hátt.

Svo þrátt fyrir að við fögnum fleiri íbúum á Urðargötunni og fögnum því að fylla eigi þetta skarð í götunni þá ætlumst við til að þessar athugasemdir verði teknar til greina og að leitað verði leiða til að minnka áhrif þessarar nýbyggingar á okkar eign svo utsyni Ef við getum á einhvern hátt aðstoðað í því ferli þá er velkomið að hafa samband.

Með vinsemd og virðingu  
Kris og Bergdís